

78  
10. sept.

## AUGLÝSING

um

### mat á frosnu kjöti.

Enda þótt enn séu ekki til nein fyrirmæli í lögum um mat og meðferð á frosnu kjöti hefir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu þótt rétt að þeim, sem þess óska, sé gjörður kostur á að fá frosið kjöt, sem ætlað er til útflutnings, metið og flokkað í líkingu við það sem nú á sér stað með saltkjöt og hefir í því skyni sett sérfróðan mann til þess að annast mat og flokkun kjötsins og gefið honum eftirfarandi

### ERINDISBRÉF.

#### 1. gr.

Allt frosið kjöt, sem flutt er héðan af landi fæst metið og flokkað eftir tegundum og gæðum kjötsins undir yfirumsjón eftirlitsmanns. Slátrun skal fara fram í þrifalegum húsakynnum og svo rúmgóðum, að kjötið geti kólnað fljótt og skemmdalaust. Slátrun skal vera þrifaleg og kjötið hreint og óskemmt. Gæta skal þess að frystihúsin séu hreinleg og öll meðferð kjötsins í þeim svo góð, að kjötið skemmist ekki. Áður en kjötið er fryst skal hver skrokkur klæddur í þunnar nýjar léreftsumbúðir.

#### 2. gr.

Læknisskoðun og kjötmerking skal fara fram samkvæmt fyrirmælum laga nr. 7, 13. september 1912, um merking á kjöti, þó svo að merkið sé aðeins sett á einn stað á hvern skrokk, helzt innan á huppinn, sem næst fyrirskurði.

#### 3. gr.

Til frystiútflutnings skal aðeins meta dilkakjöt sem er svo vænt og lítur það vel út, að það geti talist fyrsta og annars flokks kjöt. Kjöt af rosknu fé og rýrt dilkakjöt fæst ekki metið til frystingar og útflutnings, nema með leyfi atvinnumálaráðuneytisins.

#### 4. gr.

Eftirfarandi reglum skal fylgja um meðferð og merkingu kjötsins, aðra en hina lögákveðnu merkingu sem um ræðir í 2. gr.

- a. Rista skal fram úr bringukolli.
- b. Nýru og nýrnamör fylgi. Sé mörinn mjög mikill má taka nokkuð<sup>10</sup> sept. af honum.
- c. Áður en skrokkurinn er klæddur í umbúðir skal binda sterkum spotta um framhæklana og strengja aftur fyrir hálsinn fremst, svo hálsinn standi fram og bógarnir þrýstist saman.
- d) Ef strjúpinn hefir blóðgast eða óhreinkast skal nema framan af honum áður en skrokkurinn er látinn í umbúðir.
- e) Öll merki skulu sett á umbúðir og merkimiða, en ekki á sjálfan skrokkinn.
- f. Merkimiða skal festa við hvern skrokk. Annarsvegjar er prentað læknisvottorð, sem læknir undirskrifar, en hinsvegjar firmamerki og flokksmerki.
- g. Kjötið skal vegið áður en það er sett í umbúðir. Við útskipun skal vega kjötið á ný og skal sú vigt sem þá kemur fram tilgreind á vottorðum.
- h. Kjötið flokkast í tvo flokka eftir gæðum. Í fyrsta flokk eru látnir allir skrokkar, sem eru holdmiklir og gallalausir að útliti, en í annan flokk rýrari skrokkar og gallaðir, ef þeir þá teljast hæfir til útflutnings.
- i. Fyrsti flokkur skiftist í þyngdarflokka og merkist sem hér segir. — Merkin séu sett á umbúðir og merkimiða. Skrokkar sem vega  $13\frac{1}{2}$  kg. og þar fyrir neðan merkist X. Skrokkar sem vega yfir  $13\frac{1}{2}$  kg. og allt að  $16\frac{1}{2}$  kg. merkist O. Skrokkar sem vega  $16\frac{1}{2}$  kg. og þar yfir merkist T.
- j. Annars flokks kjöt skiftist í þyngdarflokka og merkist sem hér segir: Skrokkar sem vega  $13\frac{1}{2}$  kg. og þar fyrir neðan merkist YX. Skrokkar sem vega yfir  $13\frac{1}{2}$  kg. merkist YO.
- k. Auk flokksmerkja skal einnig setja merki útflytjanda á umbúðirnar. Sömu merki skulu einnig vera á merkimiðum.

### 5. gr.

Við hvert frystihús þar sem óskað er mats á frosnu kjöti vinna undirmatsmenn, sem annast hin daglegu eftirlitsstörf og kjötflokkun eftir fyrirmælum eftirlitsmanns. Undirmatsmenn þessa velur eftirlitsmaður fyrst um sinn í samráði við kjötútflytjendur. Nú þykir honum eftirlitinu betur borgið á annan hátt, og gerir hann þá tillögur um skipun undirmatsmanna til atvinnuáráðuneytisins. Um skyldu undirmatsmanna til að vinna að verkun kjötsins og um kaup þeirra fer eftir reglum þeim, sem gilda um mat á saltkjöti.

- 78** 6. gr.  
10. sept. Nú þykir eftirlitsmanni ástæða til að víkja í einhverju frá framantöldum reglum og skal hann þá gera tillögur um það til atvinnumálaráðuneytisins, sem ákveður hvort frá reglunum skuli vikið og að hverju leyti.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. september 1929.*

Tryggvi Þórhallsson.

*Vígfús Einarsson.*

- 79** STADFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Minningar-  
18. sept. sjóð hjónanna Halldórs Jónssonar og Matthildar Ólafsdóttur frá Suður-Vík og dætra þeirra, Guðlaugar og Sigurlaugar, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra, 18. september 1929. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

minningarsjóð hjónanna Halldórs Jónssonar (f. 10. marz 1857) og Matthildar Ólafsdóttur (f. 11. október 1851) frá Suður-Vík og dætra þeirra Guðlaugar (f. 8. desember 1881) og Sigurlaugar (f. 13. nóvember 1887), til stofnunar elliheimilis fyrir Vestur-Skaftafellssýslu og Eyjafjöll

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður hjónanna Halldórs Jónssonar og Matthildar Ólafsdóttur frá Suður-Vík og dætra þeirra Guðlaugar og Sigurlaugar, til stofnunar elliheimilis fyrir Vestur-Skaftafellssýslu og Eyjafjöll, og er stofnsettur af erfingjum þeirra Jóni og Ólafi Halldórssonum í janúar 1927.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 15000 kr. í peningum, er stofnendur leggja til hans, og ennfremur ánafna þeir honum til eignar á sínum tíma